

17. febrúar 1984

149

Nr. 115

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 225 30. apríl 1982 um sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum, sbr. reglugerð nr. 466/1982 og reglugerð nr. 481/1983 um breyting á henni.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, 3. mgr., er orðist svo:
Af almenningsbifreiðum, sem hannaðar eru til flutnings á 30 farþegum eða fleiri að meðtöldum öikumanni og flokkast undir tollskrárnúmer 87.02.29, skal greiða 12% gjald.

2. gr.

Í stað orðsins „Almenningsbifreiðar“ í 4. gr. reglugerðarinnar komi orðin: Almenningsbifreiðar sem hannaðar eru til flutnings á færri en 30 farþegum að meðtöldum öikumanni.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 16. gr., sbr. 35. gr., laga nr. 4/1960 um efnahagsmál, til að öðlast þegar gildi.

Hafi smíði á almenningsbifreið sem gjaldskyld verður skv. 1. gr. reglugerðar þessarar verið hafin fyrir gildistöku reglugerðarinnar skal hún undanþegin gjaldtöku, enda tilkynni viðkomandi bifreiðasmíðja eða samsetningaraðili ráðuneytinu skriflega um smíðina innan tveggja vikna frá gildistöku og sendi jafnframt afrit af viðkomandi smíðasamningi.

Fjármálaráðuneytið, 17. febrúar 1984.

Albert Guðmundsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

17. febrúar 1984

Nr. 116

AUGLÝSING

um tollmeðferð á almenningsbifreiðum

Ráðuneytið tilkynnir hér með að það hefur ákveðið að nota heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum og fella niður toll af almenningsbifreiðum sem hannaðar eru til flutnings á 30 farþegum eða fleiri að meðtöldum öikumanni og flokkast

B 20

undir tollskrárnúmer 87.02.29 í 1. gr. tollskrárlaga. Niðurfelling tolls er bundin því skilyrði að bifreiðarnar verði taldar upprunavörur í skilningi auglýsingar nr. 680/1980 um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE) og viðbótarbókun við þann samning vegna aðildar Grikklands að Efnahagsbandalagi Evrópu, sbr. auglýsingu nr. 287/1981 um breyting á henni.

Tollur af nefndum vörum sem upprunnar eru á Spáni í skilningi ákvæða auglýsingar nr. 267/1980 um sérstaka tollmeðferð vegna viðskiptasamnings EFTA-landanna og Spánar, sbr. auglýsingu nr. 384/1980, lækkar í 12%.

Við tollmeðferð á nefndum vörum skal greiða 3% jöfnunargjald, sbr. 1. gr. laga nr. 78/1980 um jöfnunargjald.

Fjármálaráðuneytið, 17. febrúar 1984.

Albert Guðmundsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 8 2. janúar 1981 um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda og/eða sölugjalds af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar, sbr. auglýsingu nr. 88 2. febrúar 1981, auglýsingu nr. 219 23. apríl 1982, auglýsingu nr. 93 21. febrúar 1983 og auglýsingu nr. 192 6. apríl 1983 um breyting á henni.

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr upptalningu tollskrárnúmera í 1. gr. auglýsingarinnar: 84.53.10, 84.53.20, 84.53.30, 84.53.40, 84.53.50, 84.53.60 og 84.55.21.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 16. febrúar 1984.

Albert Guðmundsson.

Björn Hafsteinsson.